

## Ræða 1. maí 2023

Yfirskrift þessa dags er Réttlæti – Jöfnuður – Velferð

Saga verkafólks á Íslandi er ekki gömul í alþjóðlegum skilningi. Fyrsta verkalyðsfélagið stofnuðu prentarar árið 1887. Síðan komu félög af ýmsum gerðum, stundum lifðu þau stutt, voru sameinuð öðrum eða voru endurreist. Þetta var óttalegt hark og forgöngumenn voru ofsóttir, sakaðir um spillingu og hvað eina. Svona gekk þetta fram eftir 20. öldinni.

Alþýðusamband Íslands var stofnað í mars 1916. Þegar 100 ára saga þess var skrifuð í upphafi 21. aldar fengu bindin tvö nöfnin, **Í samtök** og **Til velferðar**. Segja má að barátta fyrir velferð í víðustum skilningi þess orðs hafi einkennt baráttu verkafólks frá upphafi. Ég greip þessi tvö fallegu bindi og tók að fletta nú þegar ég fór að setja saman þetta ávarp. Bækurnar eru þannig fram settar að innan um hefðbundin skrif um söguna koma m.a. ýmsar blaðaúrklippur til dæmis um húsnæðismál. Þarna er frásögn úr Alþýðblaðinu frá 8. febrúar 1922, önnur er tekin úr skýrslu um húsnæðimál frá því 1943. Það skelfilega við lestur þessara frásagna er að þær minna óþægilega á það sem okkur var sýnt í Kastljóspætti sjónvarpsins fyrir nokkur dögum.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að við höfum samt gengið til góðs. Skúrar og kjallaraholur sem voru dæmigerð hýbýli verkafólks á fyrrihluta 20. aldarinnar, eru að mestu úr sögunni. Dæmið sem við sáum í Kastljósinu heyrir til undantekninga og stafar af samblandi af neyð fólks við sérstakar aðstæður og óþverrahætti þeirra sem leigja út húsnæði.

**Svona ástand á ekki að sjást í nútímanum.**

Í bókunum finnum við einnig frásagnir af því hvernig líf verkafólks breytist við það eitt að fara úr sauðskinnsskóm í gúmmístígvél. Hversu síldarstúlkunum þótti dýmætt að fá gúmmíhanska til að verja hendurnar fyrir slori, salti og kryddi, sem áður át sig inn í bert hold þeirra.

**Frá þessum tíma er svo ógnarstutt.**

Móðir mín sagði mér frá því hvað það hefði verið kærkomið að eignast vekjaraklukku. Hún var vinnukona í Reykjavík í kringum 1940 og svaf með arbandsúrið sitt í hendinni, því hún bar ábyrgð á því að vekja heimilisfólkið.

Heimilsfaðirinn var skólastjóri í virðulegum skóla í borginni og ekki hefði nú verið gott ef hann hefði ekki vaknað til vinnu. Vinnukonan var vekjaraklukkan.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands ákvað að endurvekja 50 ára sögu kröfugangna hér í byggðinni. Árið 1973 var gengi frá Hjálmakletti að Óðali. Hugmyndin var að ganga til baka frá Óðali að Hjálmakletti. Gangan varð heldur styttri, vegna aðstæðna við Borgarbrautina. Við áttuðum okkur ekki strax á því að það eru **100 ára frá fyrstu** kröfugöngu á Íslandi. Í göngunni árið 1923 var meðal annars **krafist 40 stunda** vinnuviku og **mannsæmandi launa** fyrir 8 stunda vinnudag.

Flestir hafa náð 40 stunda vinnuviku, þ.e. á dagvinnulaunum og sumir farnir að sjá 36 stundir eða jafnvel 32 stundir nú 100 árum síðar. Deila má hvort náðst hafi **mannsæmandi laun fyrir alla** - eftir 8 stunda vinnudag.

**Þar tel ég að við eigum enn nokkuð í land.**

Sl. vetur upphófust undarlegar deilur milli verkafólks landsbyggðar og höfuðborgar. Formaður Eflingar krafðist **sérstakrar** uppbótar fyrir verkafólk nánast í 101 til að koma til móts við háa húsaleigu í borginni.

Þessi krafa sýndi að mínu mati og líklega flestra þeirra sem búið hafa í hinum dreifðu byggðum, vanþekkingu þeirra sem kröfuna settu fram. Jafnvel virðulegur háskólaprófessor glataði virðuleika sínum við að tala fyrir kröfu Eflingar.

Mörg okkar hefðu frekar talið að staðaruppbót ætti heldur heima þar sem engin matvöruverslun er í nágrenninu, alla þjónustu þarf að sækja um langan veg, húshitunarkostnaður er óhóflegur og annað eftir því.

Svo ég vitni enn og aftur í söguna, þá hefur það verið ófrávíkjanleg krafa ASÍ um áratugaskeið að sömu laun séu greidd fyrir sömu vinnu, hvar sem er á landinu.

Í **Sögunni** með stórum staf er sagt frá fyrsta verkfallinu í opinberri þjónustu sem háð var sumarið 1934. ASÍ stóð fyrir því að verkamenn í vegavinnu leggðu niður störf til að berjast fyrir því að fá sömu laun, hvar sem þeir störfuðu á landinu.

Krafan um 101 uppbótina hljómaði því **fáranleg** í eyrum flestra sem eitthvað vita um sögu kjarabaráttu.

**Krafan um jöfn laun karla og kvenna hljómar enn og er viðvarandi verkefni.**

Þrátt fyrir að áratugir séu síðan samið var um að **kvennakaup** yrði aflagt. Lög hafi verið sett um jöfn laun, jafnlaunastaðla og jafnlaunavottun, starfsmat hafi orðið til

og bann við launaleynd. Allt ættu þetta að vera **verkfæri** til að tryggja öllum sömu laun fyrir sömu vinnu, en duga þó ekki. Nýlega féll dómur í máli þar sem í ljós hafði komið að lögfræðingur, kona sem starfaði hjá opinberri stofnun hafði u.þ.b. 2/3 af launum karla hjá sömu stofnun. Frænka mín ein sem var að læra læknisfræði réði sig hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri ásamt bekkjarfélögum sínum, ungum drengjum. Strákarnir fengu umtalsvert hærra kaup við fyrstu útborgun. **Óvart** var svarið sem hún fékk þegar hún krafði forstjórnann um svör. **Ég segi nei.**

**Þetta var ekki óvart.** Ekki bara landlægur siður, heldur aðþjóðlegur siður, hvítra miðaldra karlmannna í valdastétt að meta kynbræður sína merkilegri en konur.

Sl. fimmtudag voru fulltrúar Stéttarfélags Vesturlands á 45. þingi ASÍ.

Við sátum þar m.a. á stefnumótunarfundum um jafnrétti og menntun.

Það var órúlegt að hlusta á jakkafataklædda forréttindakalla, **hvítir,**

**gagnkynhneigðir, vel menntaðir,** þeir skyldu ekki þessa áherslu á ná fram réttlæti í kjörum kvenna í vanmetnum störfum, **ekki síst kvenna af erlendum uppruna.**

**Það væri líklega kominn tími fyrir karlana að rísa upp, sér til varnar.**

Ég ákvað að þegja, en það var fjandanum erfiðara. Ég vissi ekki að risaeðlurnar hefðu vaknað aftur til lífsins, **en þarna voru þær á meðal okkar á þingi ASÍ.**

Reyndar frekar óþægilegt að risaeðlurnar voru ekki eingöngu karlkyns, alltaf eru til konur sem halda að það sé fínt að styðja strákana og segja að allt sé svo æðislegt.

Ágætu fundargestir, sú sem hér stendur hefur kvatt stöðu formanns í stéttarfélagi. Því trúnaðarstarfi hef ég gengt frá því í maí 1995. Fyrst hjá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði til ársloka 2007, svo hér hjá Stéttarfélagi Vesturlands frá því í maí 2008. Það eru forréttindi að fá að helga sig baráttunni fyrir réttlæti, jöfnuði og velferð, í heila starfsævi.

Miðað við ýmislegt sem ég hef nefnt hér fyrr í máli mínu mætti ætla að lítil árangur hafi náðst. **Svo er þó ekki.**

Við eigum það sameiginlegt við Silja sem hefur tekið við starfi mínu í forystu fyrir Stétt Vest, að við fáum tár í augun þegar áramótaauglýsing ASÍ kemur á skjáinn, þar sem sigrar **samstöðu** verkafólks eru tíundaðir.

Ég hélt í fyrsta sinn ræðu á 1. maí 1980 tveimur árum áður en Silja fæddist. Það eru því veruleg kynslóðaskipti hér í forystunni. Hún hefur samþykkt í samráði við stjórn félagsins að leyfa þeirri gömlu að starfa eitthvað áfram við spennandi verkefni, svo sem við vinnustaðaeftirlit og stunda ýmsan erindrektur fyrir félagið og við fræðslu og upplýsingamál. Það er mikið starf sem hægt er að vinna við að upplýsa fólk og fyrirtæki um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og **ekki síst um gagnsemi stéttarféлага.**

**Ég hlakka til að sinna þessum verkefnum á næstu árum.**

Ágætu fundargestir ég vil þakka fyrir þessi 15 ár sem ég hef verið formaður Stéttarfélags Vesturlands og óska eftirmanni mínum farsældar í starfi.

**Baráttan fyrir réttlæti – jöfnuði og velferð er endalaus.**

**Hún mun halda áfram um ókomna tíð.**

**Til hamingju Silja og farnist þér vel.**